



Stjórnarfundur UÍA – 01. júlí 2020. kl, 17.30

Mættir eru Gunnar Gunnarsson formaður, Gunnar Gassi Gunnarsson, Benedikt Jónsson, Pálína Margeirsdóttir, Ester Sigurðardóttir í síma, Halldór Bjarki Guðmundsson sumarstarfsmaður, Auður Vala Gunnarsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá

- Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt samhljóma

- Sumarhátíð

Á plani er sumarhátíð aðra helgi í júlí, haft hefur verið samband við almannavarnanefnd Austurlands þar sem þeir gáfu út um helgina að ekki ætti að halda viðburði sem hægt er að fresta. Vegna þessa verða gerðar breytingar á dagskrá helgarinnar t.d verða styrktarleikarnir sem fyrirhugaðir voru á föstudagskvöld felldir niður, grill verður ekki, kökuskreytingar falla niður og fleira, taka þarf tillit til breytta aðstæðna og huga vel að framkvæmdinni. Verðlaunaafhending verður ekki með hefðbundnusniði, allir fá þáttökupening sem fólk sækir sér sjálf. Stjórn sammála um að halda mótinu til streitu og vera bara viðbúin ef hlutir breytast næstu viku.

- Önnur verkefni

Tour de Ormurinn verður að öllu óbreyttu haldin 15. ágúst, þá helgi verður Fljótsdalshelginn og spurning um að flétta þetta eitthvað saman. Stefnt á að Gunnar Gassi og Halldór fari á fund í Fljótsdal mánudagskvöldið 6 júlí til að kanna hvort þetta eigi ekki örugglega góða samleið.

Önnur mál.

Gunnari formanni falið að ræða við UMFÍ vegna styrks í Írlandsverkefni, stefnt að því að fara með Íslensku krakkana í gönguferð á Víkingaslóðir með Hildi eins og til stóð í ágúst og spurning hvort nota megin styrkinn í þá ferð.

Könnun Rannsókna og greininga sem fjallar meðal annars um ánægju með

Ípróttaiðkun, aðstöðu, þjálfara og ýmislegt annað. Tekið upp á næsta fundi.